



Mosó

náttúrulegur kostur



Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sitja bæjarfulltrúar sem sækja umboð sitt til kjósenda á fjögurra ára fresti. Með meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar kjörtímabilið 2022-2026 fara fulltrúar Framsóknarflokks (B), Samfylkingar (S) og Viðreisnar (C).

Bæjarstjórn skipa þau:

Örvar Jóhannsson (B), forseti bæjarstjórar
Anna Sigríður Guðnadóttir (S), 1. varaforseti
Dagný Kristinsdóttir (L), 2. varaforseti
Halla Karen Kristjánsdóttir (B)
Ásgeir Sveinsson (D)
Aldís Stefánsdóttir (B)
Jana Katrín Knútsdóttir (D)
Sævar Birgisson (B)
Rúnar Bragi Guðlaugsson (D)
Lovísa Jónsdóttir (C)
Helga Jóhannesdóttir (D)

Bæjarráð fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.
Halla Karen Kristjánsdóttir er formaður bæjarráðs.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar er Regína Ásvaldsdóttir

[Bæjarstjórn Mosfellsbæjar](#)



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Ársskýrsla Mosfellsbæjar fyrir árið 2024 lítur nú dagsins ljós og í fyrsta sinn á veftæku formi. Við höfum lagt áherslu á að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir kjörna fulltrúa og bæjarbúa og vel settar fram þannig að það sé auðvelt að glöggva sig á helstu lykiltölum. Ársskýrslan er lögð fram samhliða síðari umræðu um ársreikning Mosfellsbæjar.

Afkoma Mosfellsbæjar fyrir árið 2024 var mjög góð en rekstrarniðurstaða ársins er 877 milljónir króna úr A og B hluta. Þar munar miklu um sölu byggingarréttar sem nam 750 mkr.

Árið var metár í fjárfestingum en alls var fjárfest fyrir um 3,7 milljarða. Stærsta einstaka fjárfestingin var í Helgafellsskóla 892 mkr en aðrar stórar fjárfestingar voru innrétting íþróttasalar í Helgafellsskóla, endurbætur á eldhúsinu í Reyjakoti, endurnýjun lóða við Varmár- og Kvíslarskóla og endurnýjun Varmárvallar. Gatnagerð var lokið í 5. áfanga í Helgafellshverfi og gerð leikvallar í 4. áfanga sem fyrirtækið Bakki annaðist. Þá hófst gatnagerð við athafnasvæði Reita í Korputúni.

Skipulagsmálin voru fyrirferðamikil á árinu 2024 en alls var unnið að deiliskipulagi fyrir 1.750 nýjar íbúðir í sveitafélaginu.

Á árinu voru seldar 20 lóðir fyrir rað- og parhús og 14 lóðir fyrir einbýlishús. Þá voru seldar 16 lóðir við Langatanga og 2 lóðir við Fossatungu.

Pegar horft er til baka á árið 2024 þá má segja að árið einkennist líka af fjölmörgum skemmtilegum og gefandi verkefnum sem er ætlað að auðga mannlífið í Mosfellsbæ og efla lýðheilsu og útivist.

Á árinu gerðum við til dæmis samning við Sporið um lagningu gönguskiðabrauta við Blikastaði og á Hafravatni. Þetta vakti mikla lukku og í kjölfarið hefur Reykjavíkurborg gert samskonar samning sem eykur fjölbreytnina í gönguskiðaleiðum á höfuðborgarsvæðinu. Annað gleðilegt verkefni sem var unnið með sömu aðilum var lagning fjallahjólabrautar í Ævintýragarðinum. Hjólbrautin sem er um eins kílómetra löng varð mjög vinsæl hjá unga fólkinu og er skemmtileg viðbót við útivistarmöguleika í bænum. Þá var frísíggjuföllurinn færður til og stækkaður.

Menningin blómstraði sem aldrei fyrr á árinu 2024 og þar lék Hlégarður stórt hlutverk en í húsinu voru haldnir um 260 viðburðir og fundir. Barnadjasshátíðin í Mosfellsbæ var haldin í annað sinn vorið 2024 í Hlégarði og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar hélt upp á 60 ára afmæli sitt með flottum tónleikum.

Einn af eftirminnilegustu viðburðum ársins að mínu mati var útnefning heiðursborgara Mosfellsbæjar þar sem Birgir D. Sveinsson fyrrum skólastjóri Varmárskóla og stjórnandi skólahljómsveitarinnar í 40 ár var útnefndur við hátíðlega athöfn við Varmárlaug á þjóðhátíðardaginn. Skólahljómsveitin lék einmitt í fyrsta sinn opinberlega við vígslu laugarinnar þann 17. júní 1964.

Annað sögufrægt hús í bænum, Brúarland, fékk einnig nýtt hlutverk á árinu, þegar félagsstarf aldraðra og FAMOS fluttu inn með sína starfsemi, en 1. og 2. hæð hússins hafa verið endurgerðar. Félagsstarfið nýtur sín mjög vel í fallega uppgerðu húsinu og það ríkir almenn ánægja á meðal eldri borgara með þessa ráðstöfun.

Nýr búsetukjarni fyrir fimm fatlaða einstaklinga var tekinn í notkun á Úgötu en það var Proskahjálþ sem byggði húsið fyrir Mosfellsbæ.

Starfsfólkið okkar í leik- og grunnskólum, félagsmiðstöðvum og velferðarþjónustu vinna stóra og smáa sigra á hverjum degi í kennslu og umönnun en við vorum gríðarlega stolt þegar Helgafellsskóli fékk íslensku menntaverðlaunin fyrir verkefnið Snjallræði en þær Rósa Ingvarsdóttir skólastjóri og Málfríður Bjarnadóttir helsti hvatamaður verkefnisins tóku á móti verðlaununum. Þá var Dóra Wild á Hlaðhömrum einnig tilnefnd sem kennari ársins fyrir framúrskarandi starf.





Tilkynningum til barnaverndar í Mosfellsbæ fjölgaði um tæplega 50% á árinu og enduðu í 763 tilkynningum þar sem 294 börn eiga í hlut.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar brást við auknum tilkynningum og samþykkti 27 aðgerðir í verkefni sem við höfum nefnt Börnin okkar og leggur 100 milljónir aukalega í forvarnir á árinu 2025.

Í umhverfismálum náðist mikill árangur í flokkun heimilissorps en Mosfellingar flokka mest sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2024 var blandaður úrgangur á hvern íbúa í Mosfellsbæ 72,8 kg. Seltjarnarnes kom næst með 80 kg. á hvern íbúa, svo Hafnarfjörður með 80,2 kg., Reykjavík með 81,7 kg., Garðabær með 83 kg. og að lokum Kópavogur með 84,6 kg. á hvern íbúa. Þá dróst urðun í Álfsnesi saman um 90%, úr tæplega 53.700 tonnum í um 5.070 tonn. Þessi mikli samdráttur náðist með því að flytja blandaðan úrgang úr landi til orkuvinnslu í Svíþjóð og stöðva alfarið urðun á lífrænum og lyktarsterkum úrgangi.

Bæjarstjórn samþykkti á árinu að ganga til samninga við Malbikstöðina og Íslenska gámafélagið um snjómokstur og viðmiðum var breytt í nýjum samningum með það að markmiði að bæta þjónustuna. Þá var ákveðið að leggja aukna áherslu á gönguleiðir sem bærinn sjálfur annast og bætt við nýju snjómoksturstæki fyrir þjónustustöðina.

Það er bjart framundan í Mosfellsbæ og mikil uppbygging í gangi. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka starfsmönnum bæjarins fyrir góða þjónustu og rekstur bæjarfélagsins og kjörnum fulltrúum fyrir að standa þétt við bakið á okkur, með það að markmiði að bæjarfélagið blómstri með velferð og lífsgæði íbúanna í forgrunni.



Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Regína hefur verið bæjarstjóri frá 2022.



Kristján Þór Magnússon
sviðsstjóri mannauðs og
starfsumhverfis

Kristján hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2023.



Pétur Jens Lockton
sviðsstjóri fjármála- og
áhættustýringarsviðs

Pétur hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 1998.



Arnar Jónsson
Sviðsstjóri menningar-, íþrótt og
lýðheilsusviðs

Arnar hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2017.



Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir
skrifstofustjóri umbóta og þróunar

Ólafía hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2023.



Sigurbjörg Fjölinsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Sigurbjörg hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2019.



Jóhanna Hansen
sviðsstjóri umhverfissviðs

Jóhanna hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2006.



Ólöf Kristín Sívertsen
sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Ólöf hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2024.



Þóra Margrét Hjaltested
bæjarlögmaður

Þóra hefur verið bæjarlögmaður frá 2020.

[Skipurit Mosfellsbæjar](#)




Árið 2024 einkenndist af umfangsmiklum framkvæmdum en það var fjárfest fyrir 3,7 ma kr. og er eitt stærsta fjárfestingaár Mosfellsbæjar til þessa.

Stærsta framkvæmd ársins var nýr leikskóli fyrir 150 börn í Helgafellshverfi sem verður tekinn til notkunar í sumar 2025. Þá var einnig unnið að innréttingum í íþróttahúsinu við Helgafellsskóla og við gatnagerð í hverfinu. Framkvæmdir voru hafnar á aðalvellingum við Varmá og endurnýjun skólalóða við Kvíslarskóla og Varmárskóla. Auk þess var farið í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir í skólabyggingum.

Ítarlega sundurliðun á helstu framkvæmdum ársins 2024 má sjá neðar í skýrslunni.

ÍBÚAFJÖLDI 2015-2025*



*Miðað er við íbúafjölda 1. janúar ár hvert

ÁHUGAVERT



13.715

bjuggu í Mosfellsbæ 2024



48%

íbúa eru kvenkyns**



52%

íbúa eru karlkyns**



10%

íbúa eru með erlent ríkisfang

**Kvár eru inni tölfræðinni en eru það fáir einstaklingar að þau eru ekki sundurgreind

Helstu fréttir ársins



Janúar

Bætt aðgengi við
opinberar byggingar
í Mosfellsbæ



Febrúar

Best að búa
í Mosfellsbæ



Mars

Skálatún verður
Farsældartún



Janúar

Starfsfólk Mosfellsbæjar
og íslenskukennsla með
Bara tala



Mars

Vilt þú hafa áhrif á
uppbygginguna að Varmá



Helstu fréttir ársins



Mars

Félagsmiðstöðin
Bólið 40 ára



Júní

Heiðursborgari
Mosfellsbæjar



Júlí

Stjórnunar- og
verndaráætlun
Varmárósa staðfest



Júní

Lóðir í suðurhlíðum
Helgafells



Júní

Vinna hafin við uppfærslu
á umhverfisstefnu
Mosfellsbæjar



Helstu fréttir ársins



Ágúst

Ríkið og sex sveitarfélög
gera samkomulag um
uppfærðan samgöngusáttmála



September

Uppbygging að
hefst í Korputúni



Október

Samráð við ungmennaráð
í framhaldi af
foreldrafundi í Hlégarði



Ágúst

Félagsstarfið í Brúarlandi



September

Um 300 foreldrar
mættu á opinn
foreldrafund



Helstu fréttir ársins



Október

Aukin og bætt
vetrarþjónusta



Nóvember

Helgafellsskóli hlaut
Íslensku
menntaverðlaunin 2024



Desember

Fyrsti heiti pottur sinnar
tegundar á Íslandi fyrir
hreyfihamlaða



Október

Vel sóttur fundur um
Álafosskvos



Nóvember

Mosfellsbær fjárfestir
aukalega 100 milljónir
í forvarnir





- Á árinu var samþykkt uppfærsla á Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Sáttmálinn gildir til ársins 2040 en í honum felst fjármögnun Borgarlínu og bættra innviða fyrir akandi, gangandi og hjólandi.
- Fyrirhuguð lagning Borgarlínu í gegnum Blikastaðahverfi að Háholti verður 2. áfangi uppbyggingarinnar.
- Ríkið mun koma að rekstri almenningssamganga frá 1. janúar 2025 í gegnum nýtt félag sem beri ábyrgð á skipulagi og rekstri almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu. Mun ríkið bera þriðjung af rekstrarkostnaði félagsins.
- Uppfærður sáttmáli tryggir áframhaldandi þróun mikilvægra samgöngumannvirkja sem styrkja stöðu Mosfellsbæjar sem vaxandi sveitarfélags með öfluga framtíðarsýn

[Ríkið og sex sveitarfélög gera samkomulag um uppfærðan samgöngusáttmála](#)

- Stýrihópur Varmásvæðis vann að endurskoðun fyrir Varmásvæðið og mótun skýrrar framtíðarsýnar til næstu 15 ára.
- Eitt stærsta verkefni hópsins var ítarleg þarfagreining vegna fyrirhugaðrar þjónustu- og aðkomubyggingar, byggð á eldri þarfagreiningu.
- Framkvæmd þarfagreiningar:
 - Tekin voru viðtöl við 26 skilgreinda hagaðila.
 - Framkvæmd var könnun meðal íbúa, þar sem bárust 1.246 svör.
 - Markmiðið var að fá fram sjónarmið fjölbreyttra hópa sem nýta íþróttamiðstöðina.
- Helstu niðurstöður þarfagreiningar:
 - Þörf er á um 1.600 fm byggingu.
 - Aukin þörf fyrir búningaðstöðu á Varmá.
 - Mikilvægi barnvænnar aðstöðu og bættrar nestisaðstöðu kom fram.
 - Ábótavant vinnu- og fundaraðstaða fyrir þjálfara, starfsfólk, íþróttakennara og aðra starfsemi.
 - Styrktaraðstaða var metin mjög mikilvæg.
 - Þörf á bættri aðgengi fyrir fólk með fötlun.
- Farið var í markaðskönnun til að kanna áhuga rekstraraðila á starfsemi í þjónustu- og aðkomubyggingunni.
 - Fjölmargir smærri aðilar lýstu yfir áhuga á að vera með starfsemi í húsinu.

Þarfagreining vegna þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá




Uppbygging nýrrar þjónustu- og aðkomubyggingar



- Í lok árs árið 2024 var ákveðið að ráðast í áttak í þágu barna og unglinga í Mosfellsbæ undir yfirskriftinni Börnin okkar. Áttakinu er ætlað að mæta mikilli fjölgun barnaverndarmála og styðja enn betur við foreldra og öll þau sem vinna með börnum í sveitarfélaginu
- Áttakið felur í sér aukafjárveitingu uppá 100 milljónir á árinu 2025 sem verða notaðar í 27 viðbótaraðgerðir. Aðgerðirnar byggja á vinnustofum, fundum og samtölum við unglinga, foreldra og forráðamenn og sérfræðinga sem vinna í þjónustu við börn og ungmenni.
- Aðgerðirnar ná til almennra forvarna, snemmtækrar íhlutunar og styrkingar barnaverndarstarfs. Þær eru m.a.
 - Auka aðgengi unglinga að sálfræðipjónustu og félagsráðgjöf
 - Efla stuðningsúrræði í formi ráðgjafar, stuðnings og námskeiða
 - Hækka frístundastyrki
 - Styrkja starf félagsmiðstöðva
 - Auka samstarf, fræðslu og námskeið fyrir foreldra
 - Koma á samskiptasáttmála á milli foreldra og skóla
 - Huga að lýðheilsu barna og ungmenna meðal annars með aukinni opnun íþróttamiðstöðva um helgar
 - Tryggja aðgengi allra hópa að námskeiðum og íþróttum

[Aðgerðaáætlunin Börnin okkar](#)

FJÁRFRAMLAG SKIPTIST MILLI ÞRIGGJA ÞÁTTA AÐGERÐA, Í M.KR



Bakland starfseminnar

Miðlæg stjórnarsýsla í Mosó





- Strategía gerði stjórnsýslu- og rekstrarúttekt fyrir Mosfellsbæ og skilaði niðurstöðum í maí 2023.
- Umbótaverkefnin sem unnin hafa verið á grundvelli úttektar Strategíu hafa styrkt stjórnkerfi Mosfellsbæjar, skýrt verkaskiptingu og aukið skilvirkni í rekstri og þjónustu.
- Með breyttum verkferlum, skýrari ábyrgð og aukinni áherslu á stafrænar lausnir er markmiðið að bæta nýtingu fjármuna og mannauðs, auk þess að bæta þjónustu við íbúa og gera hana aðgengilegri.

2023 - 12 umbótaverkefnum var lokið á árinu 2023


1. Forgangsröðun verkefna út núverandi kjörtímabil
2. Innleitt nýtt skipurit sem endurspeglar nútímaáhersur sveitarfélaga
3. Aukið vægi atvinnumála í skipuriti
4. Yfirstjórn Mosfellsbæjar formgerð
5. Samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar endurskoðuð
6. Rýning á fjölda nefnda, verkefni þeirra og heiti til samræmis við nýtt skipurit
7. Heildarstefna rýnd út frá málefnasamningi
8. Ferli við mótnun stefna – aðgerðaáætlun fylgi stefnum sem eru samþykktar
9. Tryggja að helstu verkefni falli undir fagnefnd
10. Stjórnendabjálfun í tengslum við nýtt skipurit
11. Endurskipulagning þjónustuvers
12. Tryggja fræðslu og ráðgjöf við kjörna fulltrúa

2024 - 9 umbótaverkefnum var lokið á árinu 2024

1. Endurskoðun starfslýsinga í stjórnsýslunni
2. Skilgreina og lykka verkefni einstakra sviða og deilda
3. Stafræn vegferð
4. Skilgreining innri endurskoðun
5. Farsæld barna – skerpa á samstarfi milli sviða
6. UT endurskipulagning
7. Endurskipulagning innkaupamála
8. Umbætur í skjalamálum
9. Skilgreining lykiltalna og gerð mælaborða


2024 – 8 umbótaverkefni eru enn í vinnslu

1. Endurskoðun og samræming á samþykktum fastanefnda
2. Endurskoðun siðareglna
3. Stefna um fjármagnsskipan
4. Áhættustefna
5. Fasteignastefna
6. Efla fræðslu til starfsfólks um þau kerfi sem verið er að nota
7. Styrking á hlutverki, ábyrgð og umboði eignasjóðs
8. Skilgreina umboð og undirskriftarreglur






ÁHUGAVERT




- Árið 2024 var lögð áhersla á uppfærslur á vef bæjarins mos.is til að bæta þjónustu og upplýsingagjöf og gera þær notendavænni og aðgengilegri.
- Fylgst var betur með umferð og hegðun notenda á vefnum, sem stuðlar að notendavænni upplifun.
- Mínar síður voru uppfærðar til að bæta þægindi, aðgengi og gagnsæi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
- Fimm tungumál eru í boði á Mínum síðum: íslenska, enska, spænska, pólska og úkraínska.
- Leik- og grunnskólavefir voru færðir undir mos.is.
- Reiknivélar fyrir leikskóla og frístund voru settar á vefinn, auk stafræns sorphirðudagatala.
- Tímabókanir til sérfræðinga voru bættar sem nýjung á vefnum.
- Mosi, stafræna vinnuaflið okkar, hefur nú tekið að sér að vinna 6 verkferla sem áður voru unnir af starfsmönnum.

FJÖLDI STAFRÆNNA VERKEFNA INNLEIDD



HVERNIG ÍBÚAR OG AÐRIR NÁLGAST MOS.IS






ÁHUGAVERT

- Á árinu var unnið fyrsta verkefni innri endurskoðunar sem laut að þeirri þjónustu sem Mosfellsbær hefur samið um við Eir að veita og felst í að veita öldruðum í Mosfellsbæ þjónustu og stuðning í heimahúsum auk rekstrar dagdvalar ásamt greiningu á leigusamningu milli Mosfellsbæjar og Eir.
- Deloitte vann úttektina sem lögð var fyrir bæjarráð í nóvember.
- Á árinu 2024 fóru fram tvennar kosningar, kosningar til forseta Íslands og kosningar Alþingis.
- Kosið var í Lágafellsskóla í átta kjördeildum.
- Á kjörskrá við Alþingiskosningar voru 9.654 sem er fjölgun um 8% frá því síðast var kosið til Alþingis 2021.




FJÖLDI FUNDA BÆJARSTJÓRNAR OG BÆJARRÁÐS



Bara tala – stafrænn íslenskukennari



ÁHUGAVERT



- Forritið Bara tala er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni.
- Smáforritið býður upp á starfstengt íslenskunám og grunnnám í íslensku fyrir vinnustaði.
- Það notar sjónrænar vísbendingar og myndir til að hjálpa notendum að bæta orðaforða, hlustunarfærni og minni.
- Markmiðið er að auka sjálfstraust notenda þegar íslenska er töluð.



BARA TALA – NOTKUN Á SMÁFORRITI UM ÍSLENSKT MÁL

- Árið 2024 voru alls 41 virkur notandi í kerfinu.
- Að meðaltali gerði hver notandi 96 íslenskuæfingar á árinu og varði um 3 klst í að ljúka þeim æfingum.
- Virkasti notandinn leysti um 1.000 æfingar og varði í þær um 30 klst.
- Yfir 90% þátttakenda starfa á fræðslu- og frístundasviði og eru konur.






ÁHUGAVERT

- Starfsánægja starfsfólks Mosfellsbæjar var könnuð á tveggja mánaða fresti með Moodup.
- 82% þátttaka var á tímabilinu maí til desember 2024.
- 1.235 starfsmenn af 1.505 svöruðu könnuninni.
- Starfsánægjan var jafn góð eða betri en hjá öðrum vinnustöðum, sem nota Moodup til mannauðsmælinga, frá júní til desember 2024.

SAMANTEKIÐ VAR MEÐALTALS STARFSÁNÆGJU FRÁ MAÍ TIL DESEMBER 2024, SKIPT EFTIR SVIÐUM OG MÆLD FRÁ 0 - 10



STAÐHÆFINGAR SEM STARFSFÓLK MOSFELLSBÆJAR SAMSVARAR SIG BEST VIÐ, OG TELJAST ÞVÍ STYRKLEIKAR VINNUSTAÐARINS Í SAMANBURÐI VIÐ AÐRA VINNUSTAÐI SEM NÝTA SÉR MOODUP.

- Mér finnst það sem ég geri í vinnunni hafa jákvæð áhrif og skipta máli.
- Mér finnst starfsöryggi gott hjá vinnuveitanda mínum.
- Frammistaða mín er metin á sanngjarnan hátt.
- Mér finnst hlutverk mitt áhugavert og krefjandi.
- Mér líður vel með að segja yfirmanni skoðanir mínar.



Að læra og leika náttúrulega


Fræðsla og frístundir í Mosó




Dagforeldrar og leikskólar



FJÖLDI BARNA Í LEIKSKÓLA*



FJÖLDI BARNA Í HVERJUM LEIKSKÓLA*




ÁHUGAVERT

- Gerður var samningur við Securitas um öryggishnapp fyrir alla dagforeldra sem starfa einir.
- 34 börn voru hjá dagforeldrum á árinu*.
- Vegna húsnæðisvanda hjá leikskólanum Hlaðhömrum þurfti að fækka þar um 30 börn og brugðust aðrir leikskólar hratt og vel við. Öll börn fengu því pláss.



*Fjöldatölur eru miðaðar við 1. október ár hvert




HEILDARFJÖLDI BARNA Í GRUNNSKÓLUM



FJÖLDI BARNA Í HVERJUM SKÓLA




ÁHUGAVERT




- Haustið 2024 var hádegisverður gerður gjaldfrjálss og voru 99% barna skráð í mat haustið 2024.
- Vefsíður leik- og grunnskóla voru færðar undir aðalvef Mosfellsbæjar, mos.is, til að auka aðgengi að upplýsingum með notendamiðaðri hönnun.
- Helgafellsskóli hlaut Íslensku menntaverðlaunin fyrir nýsköpunarverkefni sem ber heitið Snjallræði og nær frá leikskólastigi upp á unglingastig. Markmið verkefnisins er að nemendur þjálfist í skapandi og gagnrýnni hugsun.



ÞÁTTTAKA Í FRÍSTUND




ÁHUGAVERT



- Frístund býður upp á fjölbreytt úrval viðfangsefna sem breytist daglega til að ná til sem flestra.
- Krakkar skrá sig í skipulagða klúbba með hámarksfjölda. Vinsælustu klubbarnir eru Pokémon, leiklist, Dungeons & Dragons, textíll, föndur og yoga.
- Vinsæl afþreying í Helgafellsskóla eru perlur, orðasúpur, lita á maskínupappír, hárgreiðsla, naglalakk og bakstur.
- Í Krikaskóla er Pokémon klúbbur mjög vinsæll og hin árlega hæfileikakeppni Krikó-got-talent.



NÝTING Á FRÍSTUNDAÁVÍSUN




ÁHUGAVERT


- Mosfellsbær styrkir frístundaiðkun allra barna og unglinga 5–17 ára og eldri borgara, sem eru 67 ára og eldri, með greiðslu frístundaávisunar.
- 76% ungmenna á aldrinum 5-17 ára nýttu sér frístundaávisun Mosfellsbæjar á árinu.
- 16% eldri borgara nýttu frístundaávisuna sína.



FJÖLDI BARNA Í LISTASKÓLANUM



10 ALGENGUSTU HLJÓÐFÆRIN Í LISTASKÓLANUM




ÁHUGAVERT

- 1 nemandi útskrifaðist úr Suzuki-fiðlunámi.
- 43 nemendur luku stigsprófum.
- 17 nemendur luku grunnprófi.
- 3 nemendur luku miðprófi.
- 7 nemendur luku miðprófi í tónfræði.
- 25 nemendur luku grunnprófi í tónfræði.


Félagsmiðstöðvar og vinnuskóli




FJÖLDI UNGMENNA Í VINNUSKÓLANUM



HLUTFALL UNGMENNA SEM MÆTA Í BÓLIÐ Á UNGLINGASTIGI OG SAFNA STIGUM




ÁHUGAVERT



- Í Mosfellsbæ er félagsmiðstöðin Bólið starfrækt á þremur starfsstöðvum, í Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og við Varmár- og Kvíslarskóla.
- Bólið er félagsmiðstöð fyrir 10–16 ára ungmenni í Mosfellsbæ með sterka áherslu á forvarnir, lýðræði og félagsauð.
- Valfagið "Kjaftað um kynlíf" fyrir 9. og 10. bekk hefur gefist vel. Sterk fræðsla um kynbundið ofbeldi, vímuefni og samfélagsmiðla í samstarfi við lögreglu og Stígamót.
- Á sumrin starfrækir Mosfellsbær vinnuskóla sem ætlaður er fyrir ungmenni í 8.–10. bekk.



FJÖLDI BARNNA Í SKÓLA- OG RÁÐGJAFARÞJÓNUSTU SKÓLAÁRIÐ 2023-2024 EFTIR SKÓLASTIGI



FJÖLDI MÁLA EFTIR KYNI



SKIPTING EFTIR MÁLAFLOKKUM



ÁHUGAVERT

- Farið var í tilraunaverkefni með skimun og mat í 1. bekk með áherslu á „Leið til læsis“ og framburðarmat.
- Unnið var áfram að þróun skóla- og ráðgjafarþjónustu í takt við Farsældarlögin.
- Nýr verkefnastjóri farsældar hóf störf í janúar 2024.
- 14% barna í grunnskólum eru með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.


Velferð og náttúruleg lífsgæði

Þjónusta í traustu samfélagi






FJÖLDI FATLAÐS FÓLKS Í BÚSETUPJÓNUSTU



FJÖLDI SAMNINGA Í NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ (NPA)




ÁHUGAVERT

- 61 fatlað barn nýttu sér einstaklingsstuðning.
- 18 stuðningsfjölskyldur veittu 38 fötluðum börnum stuðning.
- „Fótbolti fyrir alla“ hófst í Mosfellsbæ með það markmið að veita einstaklingum með sérþarfir tækifæri til að æfa knattspyrnu með þjálfara.
- Nýr búsetukjarni á Úgötu opnaði á árinu í Helgafellslandi, byggður af Þroskahjálp. Þar eru fimm íbúðir og ein starfsmannaíbúð. Fyrsti íbúi flutti inn í október og sá síðasti í desember.
- Lokað var búsetukjarnanum Viðihlíð á Farsældartúni. Fjórir íbúar fluttu þaðan á nýja staði.
- 108 fatlaðir einstaklingar nýta sér akstursþjónustu.






FJÖLDI ELDRI BORGARA MEÐ HEIMAÞJÓNUSTU



FJÖLDI ELDRI BORGARA MEÐ FÉLAGSLEGT INNLIT




ÁHUGAVERT


- Félagsstarf eldri borgara fékk nýja og glæsilega aðstöðu í Brúarlandi, þar sem mest af starfseminni var flutt. Heimsóknnum og dagskrárliðum fjölgaði, og meðalaldur þátttakenda lækkaði.
- Tengiráðgjafi hóf störf við verkefnið Gott að eldast, sem er samvinnuverkefni Mosfellsbæjar, Heilsugæslunnar og Eirar. Markmiðið er að efla heilbrigða öldrun, bæta aðgengi að ráðgjöf og vinna gegn félagslegri einangrun eldra fólks.
- 98 þátttakendur 60+ sóttu morgunæfingar þrisvar í viku hjá Heilsa og hugur.
- Íþróttastarf eldri borgara blómstraði með þátttöku í ringó, boccíu, göngum, styrktar- og liðleikaæfingum og sundleikfimi.




HEILDARFJÖLDI Í SAMRÆMDRI MÓTTÖKU FLÓTTAFÓLKIS Í DESEMBER



FJÖLBREYTTUR HÓPUR EINSTAKLINGA OG FJÖLSKYLDNA Í MÓTTÖKU



ÖFLUG ÞÁTTTAKA Á VINNUMARKAÐI




ÁHUGAVERT


- 97 einstaklingar fóru í gegnum samræmda móttöku árið 2024 og 68 voru skráðir í lok árs.
- 54% hópsins eru fjölskyldur með börn og eru fjölskyldurnar alls 12 talsins.
- 78% flóttafólks sem nýtti sér móttökuna er nú komið inn á vinnumarkað.




FJÖLDI UMSÓKNA UM RÁÐGJÖF



MEÐALTÍMI Á FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG KYNJASKIPTING



FJÖLDI EINSTAKLINGA Á FJÁRHAGSAÐSTOÐ




ÁHUGAVERT


- 65% samþykktra umsókna um fjárhagsaðstoð voru samþykktar stafrænt.
- 16 börn nýttu sér einstaklingsstuðning.
- 8 stuðningsfjölskyldur veittu 11 börnum stuðning í félagsþjónustu.
- Á árinu var innleitt nýtt fyrirkomulag þar sem íbúar geta óskað eftir símtali eða tölvupósti frá ráðgjafa á velferðarsviði í gegnum hlekk á forsíðu Mosfellsbæjar, í stað fastra símatíma, með það að markmiði að bæta þjónustu og auka aðgengi.




FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR Í HEILD



FJÖLDI UMSÓKNA UM SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING



FJÖLDI ÞEIRRA SEM ERU Á BIÐLISTA EFTIR FÉLAGSLEGU LEIGUHÚSNÆÐI




ÁHUGAVERT


- Nýttar voru 47 gistinætur í gistiskýlum á árinu.
- Stafrænt vinnuafl var þróað á árinu til að aðstoða við útreikning á sérstökum húsnæðisstuðningi.
- Vinnuaflið sækir sjálfvirkir upplýsingar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
- Þessar upplýsingar eru svo settar beint inn í tölvukerfið.
- Með þessu ferli er dregið úr handvirkri skráningu og dregið úr villuhættu.




FJÖLDI TILKYNNINGA EFTIR ÁSTÆÐU



TILKYNNENDUR



ÁHUGAVERÐAR TÖLUR



ÁHUGAVERT

- Barnavernd Mosfellsbæjar nýtti 246 daga á neyðarvistun Stuðla fyrir sjö börn í 36 vistunum.
- Barnavernd á bakvakt utan skrifstofutíma í síma 112. 76 útköll voru skrá árið 2024, auk annarra verkefna vaktarinnar. Ellefu sérfræðingar skipta með sér vöktum.
- Barnaverndarstarfsmenn fylgja börnum undir 18 ára í skýrslutökum hjá lögreglu að öllu jöfnu.

Náttúrulega skapandi og hraust

Menning, íþróttir og lýðheilsa í Mosó




NOTKUN Á HLÉGARÐI OG ENDURBÆTUR

- Hlégarður var vettvangur fjölbreyttra viðburði á árinu og húsið hefur á ný tekið sér stöðu sem megin samkomustaður Mosfellinga og gesta þeirra.
- Listaskólinn, Famos og Afturelding nýta Hlégarð fyrir fundi og viðburði á sínum vegum og mynda kjarna í starfseminni.
- Mosfellsbær nýtir Hlégarð fyrir fundi og viðburði á vegum bæjarins.
- Hlégarðsbíó var endurvakið með sýningu myndarinnar Stella í orlofi á breiðtjaldi í Menningu í mars þar sem Edda Björgvinsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir sögðu frá myndinni.
- Endurbætur voru gerðar á Hlégarði sem eru síðari áfangi þess að koma salarkynnum í upphaflegt horf.
- Hurðir milli sala voru stækkaðar, þeim fjölgað og hönnunarvinnu lokið við að bæta hljóðvist í hátíðarsalnum sem verður þiljaður að nýju sumarið 2025.
- Þá var fjárfest í nýjum myndvarpa og tjaldi sem eykur notkunarmöguleika hússins.




ÁHUGAVERT




- 4,9 milljónum var úthlutað úr lista- og menningarsjóði.
- Að jafnaði voru haldnir 22 ólíkir viðburðir í Hlégarði í hverjum mánuði eða 264 yfir árið.
- Alls voru haldnir 17 menningarviðburðir þar sem selt var inná í gegnum Tix.is en slíkir viðburðir voru 10 árið áður.
- Fjöldi viðburða í Túninu heima voru rúmlega 100 og fjöldi viðburða í Menningu í Mars var 19.
- Einkaviðburðir í Hlégarð voru í heild 34 eða um 13% viðburða.




FJÖLDI VIRKRA LÁNÞEGA



ÚTLÁN



ÁHUGAVERT



- 53 listamenn tóku þátt í Jólalistamarkaði í Listasal Mosfellsbæjar.
- 31% útlána og skila fóru gegnum sjálfsafgreiðslu bókasafnsins.
- 525 börn 12 ára og yngri voru virkir lánþegar í bókasafninu.
- 122 hópar frá leikskólum Mosfellsbæjar komu í sögustundir.
- 28 umsóknir bárust um sýningar í Listasal Mosfellsbæjar.
- Ný sjálfsafgreiðsluvél var tekin í notkun.
- Pólskar barnabækur voru teknar inn í safnið.




ÁHUGAVERT

- 2.000 einstaklingar tóku þátt í þeim sex náttúru- og þrautahlaupum sem haldin voru í Mosfellsbæ á árinu.
- Hundahlaup var haldið þar sem 200 tóku þátt.
- 243.230 heimsóknir í sundlaugar bæjarins.
- 70.000 hringir voru spilaðir á golfvöllum Mosfellsbæjar.
- 35 af yngri iðkendum Aftureldingar voru valin til þátttöku í landsliðsverkefnum.
- Mosfellingurinn Erna Sóley Gunnarsdóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að keppa í kastgrein á Ólympíuleikum þegar hún keppti á leikunum í París síðasta sumar. Hún setti Íslandsmet í kúluvarpi á árinu.
- Gönguskíðabrautir voru lagðar á Blikastöðum og Hafravatni og mikið nýttar af Mosfellingum og öðrum gestum.
- Mosfellsbær styrkti sjö efnileg ungmenni.
- Krakkaglíma byrjaði í Mosfellsbæ á árinu og því hægt að æfa þrjár mismunandi sjálfsvarnariþróttir í bænum.



FJÖLDI IÐKENDA OG IÐKANIR HJÁ AFTURELDINGU




Náttúrulegt útlit

Skipulag, byggingar og umhverfismál í Mosó






HLUTFALL FLOKKA




ÞRÓUN MILLI ÁRANNA 2023 - 2024




Ábendingar frá íbúum



1.560 ÁBENDINGAR BÁRUST FRÁ ÍBÚUM Í GEGNUM ÁBENDINGAGÁTT BÆJARINS




ÁHUGAVERT



- Stafræna vinnuaflið Mosi fylgist með ábendingum frá íbúum, t.d. um sorphirðu og ljósastaura.
- Þegar ábending berst í kerfið tekur Mosi við beiðninni og sendir hana beint áfram til viðkomandi þjónustuaðila.
- Þessi sjálfvirka afgreiðsla tryggir að brugðist sé strax við ábendingunum.
- Með þessu er veitt betri og skjótari þjónusta fyrir íbúana.



VETRARÞJÓNUSTA Í KM




ÁHUGAVERT

- 444.945 fm voru slegnir á árinu.
- Blómaparísarhjól var smíðað fyrir bæjarhátíðina í Túninu heima.
- 3.000 sumarblóm voru ræktuð í Dalgarði fyrir bæinn.
- 8.500 haustlaukum var plantað í bæjarlandinu.
- 20 tonn af moltu var nýtt af bæjarbúum sem voru gefins á hreinsunardögum.
- 8 gámar voru í öllum hverfum í 10 daga í hreinsunarátaki.



FJÖLDI ÍBÚÐA Í BYGGINGU Í MOSÓ 2024





AFGREIÐSLA ERINDA TIL BYGGINGARFULLTRÚA




ÁHUGAVERT

- Árið 2024 voru í vinnslu deiliskipulög fyrir 1.750 nýjar íbúðir.
- Skipulagsáætlanir og vinna snertir alls 186 km² landsvæði í Mosfellsbæ.
- Byggingarfulltrúa bárust 137 erindi á árinu 2024. Þar af voru 12 erindi um frístundarhús í Mosfellsbæ.

HLUTFALL EIGNASAFNS MOSFELLSBÆJAR




ÁHUGAVERT



- Framreiknað stofnverð eignasafns Mosfellsbæjar er um 36 milljarðar króna.
- Skólabyggingar og íþróttamannvirki eru stærstu eignirnar.
- Safnið felur í sér sex grunnskóla, sjö leikskóla (einn í byggingu) og fjögur íþróttamannvirki.
- Eignasjóður sér um umsýslu allra eigna Mosfellsbæjar.
- Sjóðurinn leigir fasteignir til stofnana og innheimtir leigu.
- Leiga endurspeglar raunkostnað og á að standa undir rekstri til lengri tíma.




SAMANBURÐUR Á REKSTRI EIGNASJÓÐS 2023 OG 2024 Í M.KR.





LJÓSVEITA


ÁHUGAVERT




- Í Mosfellsbæ eru um 3.000 ljósastaurar í eigu bæjarins. Um fjórðungi þeirra var breytt yfir í LED á árinu 2024.
- Búið er að setja upp 29 tengiskápa af 38 sem er forsenda þess að taka alfarið yfir stýringu á götulýsingu á árinu 2026.
- Væntanlegur orkusparnaður af LED væðingu er um 70% og gæði lýsingar verða mun meiri.



ÞRÓUN Á VATNSNOTKUN - LÍTRAR Á SEKÚNDU



VATNSNOTKUN Á ÁRI – MILLJÓNIR RÚMMETRAR




Útsýnið yfir bæinn

Rekstur





94,5%
skuldaviðmið



1.421 m.kr
fjármagnsliðir ársins



22.219 m.kr
rekstrartekjur ársins



1.815 m.kr
veltufé frá rekstri



19.252 m.kr
rekstrargjöld ársins




3.744 m.kr
heildarfjárfestingar ársins




877 m.kr.
rekstrarafgangur ársins 2024



SKIPTING REKSTRARGJALDA




SKIPTING REKSTRARTEKNA





■ Skólabýggingar ■ Íþróttamannvirki ■ Önnur mannvirki ■ Veitur ■ Félagslegar íbúðir ■ Gatnagerð






	ÁRSREIKNINGUR 2024	ÁÆTLUN 2024 MEÐ VIÐAUKUM	ÁRSREIKNINGUR 2023
Rekstrartekjur			
Útsvar og fasteignaskattur	13.029	12.956	11.903
Framlög jöfnunarsjóðs	3.920	3.761	3.478
Aðrar tekjur	5.270	5.005	4.835
	22.219	21.722	20.216
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	10.955	10.918	9.466
Lífeyrisskuldbinding	191	299	433
Annar rekstrarkostnaður	8.106	7.512	7.632
	19.212	18.729	17.532
Afskriftir	-648	-611	-590
Niðurstaða án fjármagnsliða	2.320	2.382	2.094
Fjármagnstekjur og -gjöld	-1.421	-1.400	-1.733
Tekjuskattur	-22	-29	-20
Rekstrarniðurstaða	877	952	341



Framkvæmdir 2024





VARMÁRSKÓLI	• Unnið var að dren- og sökkulveggjum við vesturálm skólans. • Ný vörumóttaka við eldhús var tekin í notkun. • Vinna hófst við endurnýjun skólalóðarinnar, m.a. með upphituðum sparkvelli.
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN VARMÁ	• Aðalinngangur fékk andlitslyftingu. • LED-væðing hófst, sem mun bæta lýsingu til muna.
VARMÁRLAUG	• Umfangsmiklar viðgerðir framkvæmdar, m.a. vegna ástands laugarbakka sem brjóta þurfti upp og endursteypa. • Snjóbræðsla var endurnýjuð. • Laugin máluð og heiti potturinn flísalagður.
KNATTSPYRNUVÖLLURINN VIÐ VARMÁ	• Unnið var að jarðvinnu og samið um frágang við lýsingu vallarsvæðis.
LÁGAFELLSSKÓLI	• Breytingar voru gerðar á aðstöðu ritara. • Unnið var að úrbótum á eldvörnum skólans.



ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN LÁGAFELLI	- Neyðarhurðir í íþróttasal voru endurnýjaðar. - Úttekt var gerð á þaki miðstöðvarinnar og undirbúningur hafinn fyrir nauðsynlegar viðgerðir.
LÁGAFEELLSLAUG	- Rennibrautir voru lagfærðar. - Endurnýjun stökkpalla. - Færanlegt gólf innilaugar var lagfært. - Loftapanill í sturtum var endurnýjaður. - Stjórnbúnaður laugar og potta var yfirfarinn og endurnýjaður.
KVÍSLARSKÓLI	- Frágangur á lóð var kláraður. - Úrbætur voru gerðar á eldvörnum. - LED-væðing innanhúss hófst.
HELGAFELLSKÓLI	- Framkvæmdir við nýtt íþróttahús, innri veggir, spartl og málning, innréttingar og flísalögn voru langt komin. - Salernisaðstaða á leikskóladeild var bætt.



NJARÐARHOLT	- Leikvöllur var lagfærður. - Gafl á húsi var endurnýjaður. - Forstofa var flísalögð. - Nýr leikkofi var settur upp.
BRÚARLAND	- Húsið var endurnýjað og gert aðgengilegt fyrir eldri borgara. - Málað að innan, ný gólfefni og nýjar innréttingarnar settar upp.
HLÉGARÐUR	- Skyggni utandyra var endurnýjað. - Hljóðvist innandyra var bætt. - Málningarvinna og uppfærsla á gólfefnum fóru fram. - Aðgengi milli sala var bætt með nýjum hurðum.
LISTASKÓLINN	Rakabúnaður endurnýjaður.
BÓLIÐ	- Húsið var málað að utan. - Hljóðvist í sal var bætt.



HLÍÐ	• Skipt var um þak á tengibyggingu. • Gluggar voru endurnýjaðir. • Gólf voru lagfærð.
HLAÐHAMRAR	• Leikskólalóð var kláruð. • Ný leiktæki voru sett upp.
LEIRVOGSTUNGA	• Þvottahús var endurnýjað. • Aðgengi að leikskólanum var bætt.
REYKJAKOT	• 100 m² viðbygging var reist með nýju eldhúsi og starfsmannaaðstöðu. • Gluggar í Litlakoti voru endurnýjaðir. • Ný rennibraut var sett upp.
HULDUBERG	• Gluggaveggir á tveimur deildum voru endurnýjaðir.



ENDURNÝJUN GÖNGULEIÐA	Endurnýjun á stikun gönguleiða í samstarfi við Skátafélagið Mosverja, m.a. í Úlfarsfelli og við Reykjafell.
VIÐGERÐIR Á GÖNGUBRÚM	Viðgerðir á göngubrúum við Seljadalsá og Varmá.
NÝIR STÍGAR	Nýir stígar settir upp við Æsustaðafjall og Skáldaleið lagfærð frá Gljúfrasteini að Helgufossi.
HREINSUNARÁTAK	Hreinsunarátak með þátttöku skáta og Aftureldingar. Iðkendur í yngri deildum Aftureldingar týndu rusl í bæjarlandinu og fengu styrk fyrir. Skátarnir hreinsuðu úr Varmánni og meðfram bökkum hennar.



SPARKVÖLLUR VIÐ LEIRUTANGA	• Malbik var fjarlæggt. • Jarðvegi var skipt út. • Gervigras lagt á. • Ný mörk voru sett upp.
KÖRFUBOLTAVÖLLUR VIÐ LEIRUTANGA	• Fékk nýja gúmmímottulögn. • Karfa var endurnýjuð.
FRISBÍGOLFBÖLLUR	• Endurhannaður og færður til. • Heilsársstígar voru lagðir.
FLÆKJAN	• Ný hjólabraut var sett upp í samstarfi við Icebike Adventures og Hjóldeild Aftureldingar. • 1 km löng braut. • Hönnuð fyrir öll færnistig.
GRISJUN OG UMHIRÐA	• Fór fram á opnum svæðum, blómasýning í túninu heima og jólaskeytingar.



GRENNÐARSTÖÐVAR	• Tvær nýjar grenndarstöðvar voru settar upp fyrir flokkun við Bogatanga og Vogatungu.
GATNAVIÐHALD	• Malbikunarframkvæmdir fóru fram m.a. í Vogatungu, Leirutanga, Engjavegi.
VEITUR MOSFELLSBÆJAR	• Lokahús er í byggingu við Viðiteig til að tryggja vatnsprýsting.
LED INNLEIÐING	• Innleiðing á LED-götulýsingu hófst bæði í nýjum og eldri hverfum.
GATNAGERÐ	• Gatnagerð við Úgötu var að mestu lokið á árinu.



NÝR LEIKSKÓLI Í HELGAFELLSHVERFI	• Um var að ræða stærsta einstaka skólamannvirki ársins 2024. • Húsið var hannað fyrir um 150 börn. • Búið er að loka húsinu og unnið var að einangrun og að setja klæðningu upp að utan. • Innandyra var unnið við lagnir og að reisa milliveggi. • Framkvæmdir gengu samkvæmt áætlun og verklok voru áætluð sumarið 2025.
KORPUTÚN	• Gatnagerð hófst í nýju verslunar- og þjónustusvæði við Vesturlandsveg þar sem áhersla lögð á sjálfbærni og náttúruvænt skipulag. • Í fyrsta áfanga munu rísa matvöruverslun og önnur þjónusta. • Deiliskipulag hefur verið samþykkt.
ÚTHLUTUN LÓÐA	• 34 nýjum lóðum var úthlutað við Úgötu í suðurhlíðum Helgafells. • 2 lóðum var úthlutað í Fossatungu. • 16 lóðum var úthlutað í Langatanga.
FARSÆLDARTÚN (ÁÐUR SKÁLATÚN)	• Deiliskipulag er hafið fyrir Farsældartún þar sem ný byggð mun rísa sem en hún mun hýsa aðila sem veita börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra fjölpætta þjónustu.

[Sjá einnig frétt um samantekt framkvæmda 2024](#)



Mosfellsbær

Útgefandi:
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Ljósmyndir:
Gunnar Freyr Steinsson ljósmyndari
Gunnar Freyr Jónsson ljósmyndari hjá Thule photo
Helga Dögg Reynisdóttir ljósmyndari
Hulda Margrét Óladóttir ljósmyndari